

Önnur fyrirmæli 2024

Gangnaforingjar:

- Gæsafjöll: Birgir V. Hauksson
- Norðurfjöll: Álfdis Sigurveig Stefánsdóttir
- Eystri-Miðfjöll: Gunnar Rúnar Pétursson
- Neðri-Miðfjöll: Skarphéðinn Jónsson
- Veggir: Jón Ingi Hinriksson
- Suðurafrétt: Jón Haraldur Helgason
- Krákárbakkahólf: Ingibjörg Björnsdóttir

Réttarstjóri Baldursheimsrétt: Eypór Pétursson
Réttarstjóri Hlíðarrétt: Halldór Arngarður Árnason
Halldór Arngarður Árnason er fjallskilastjóri

1. Ákveðið að dagsverk verði metið á kr. 15.000-
Aksturstartar hafa verið ákveðnir eftirfarandi:

- vörubifreið kr. 180- per km
- jeppi kr. 80- per km
- dráttarvél m/vagn kr. 80- per km

Jafnað var niður 150 dagsverki.

2.

- Fyrstu göngur á Austurafrétt hefjast 30. ágúst og réttað verður í Hlíðarrétt 1. september.
- Aðrar göngur á Austurafrétt verða 14. og 15. september og þriðju göngur 21. og 22. september.
- Fyrstu göngur í Gæsafjöll verða 7. september.
- Fyrstu göngur á Suðurafrétt hefjast 30. ágúst
- Fyrstu göngur í Krákárbakkahólfi hefjast 30. ágúst og réttað verður í Baldursheimsrétt 1. september.
- Aðrar göngur á Suðurafrétt og í Krákárbakkahólfi verða helgina 14. og 15. september.

3. Sveitarstjórn beinir því til bænda að þeir geri girðingar sínar sem fé verður sett í eftir smölun, örugglega fjárheldar.

4. Óheimilt er að sleppa fé í afrétt eftir fyrstu göngur.

5. Við smalanir fjár skal farið að fyrirmælum reglugerðar nr. 556/1982 um varnir gegn riðuveiki og fl. en í 4. gr. hennar segir: "Við allar lögréttir og skilaréttir skal vera aðstaða til að einangra sjúkar og grunaðar kindur. Línubrjóta, fé sjúkt af riðu og annað fé, sem vekur grunsemdir í göngum, rekstrum og fjársafni, skal einangra án tafar og senda beint á sláturhús eða lóga á staðnum ef ekki er annars kostur. Skylt er að fara vel með fé af

riðubæjum og sérmerkt fé og láta það njóta forgangs við flutninga og sundurdrátt hvar sem réttað er. Skal draga það sér í dilk.”

6. Gangnamönnum er skylt að sjá um að vanmeta fé komist til réttar, annað en hrútar eldri en veturgamlir, eða lóga því á staðnum, ef um nytlausar skepnur er að ræða að mati gangnaforingja.

7. Sveitarstjórn óskar eindregið eftir því að gangnamenn klæðist rauðum eða gulum klæðum yst fata. **Gangnamenn sem hafa í fórum sínum gul vesti eru minntir á að hafa þau með í göngurnar.**

8. Gangnaforingjum ber að skila skriflegri greinargerð um göngurnar á skrifstofu hreppsins fyrir 15. nóvember 2024. Sömuleiðis skal fjallskilastjóri skila skriflegri skýrslu um eftirleitir fyrir 15. nóvember 2024.

9. Fjallskilastjóri skal halda nákvæma eigendaskrá um það fé sem finnst í Herðubreiðarlindum, Grafalöndum og Fellum. Skránni skal skilað á skrifstofu hreppsins fyrir 15. nóvember 2024. Gjald af fé sem kemur fyrir í Herðubreiðarlindum, Graflöndum og Fellum verði kr. 5.000 á kind. Óheimilt er að sleppa því fé sem kemur fyrir í Herðubreiðarlindum, Graflöndum og Fellum á fjall.

Samkvæmt ákvæði 3 í landbótaáætlun 2016-2025 fyrir Austurafrétt skulu gangnaforingjar Veggja, Eystri-miðfjalla og Neðri-miðfjalla, halda skrá yfir það fé sem kemur sunnan við línu sem dregin er úr Stórahnjúk í Rauðhól þaðan syðst í Krókmel þaðan í Miðhól og úr honum í háaustur í austurbarm á Fjallagjá, þaðan til norðurs í Jökulsá við núverandi brú á þjóðvegi 1. Sjá kort í landbótaáætlun.

Óheimilt er að sleppa því fé sem kemur fyrir á þessu svæði á fjall.

Skránni yfir þetta fé skal skila á skrifstofu hreppsins fyrir 15. nóvember 2024.

10. Sveitarstjórn minnir þá gangnamenn á, sem hýsa á Hlíðardal í fyrstu göngum að þeirra gangnaskilum er ekki lokið fyrr en fé er komið til réttar. Gangnamanni er óheimilt að senda staðgengil fyrir sig, nema tilkynna það sínum gangnaforingja og hann samþykki manninn.

Gangnaforingi skal kynna fjáreigendum með hæfilegum fyrirvara um tilhögun leitarinnar. Bent skal á að það leysir fjáreiganda ekki undan gangnaskyldu þótt ekki náist til þeirra eða boð leitarforingja misfarist um mætingarstað og stund til leita. Þá er bent á, að sveitarstjórn hefur vald til að ógilda dagsverk hafi gangnamenn ekki skilað fullgildu dagsverki sbr. 23. gr. fjallskilareglugerðar og 24. gr. fjallskilareglugerðar eru svohljóðandi:

23. grein.

Nú vanrækir fjáreigandi að framkvæma þau gangnaskil, sem honum hafa verið gerð eða leggur ógildan mann til fjallskila, þá er það gangnarof og varðar sektum. Hefur þá gangnaforingi eða fjallskilastjóri rétt til að fá mann til að gera gangnaskil í stað þess, er gangnarof gerði, á hans kostnað. Auk þess greiði hann sekt til fjallskilasjóðs, er hálfum göngunum nemur. Sé brot ítrekað tvöfaldast sektirnar hverju sinni. Þó mega þær aldrei verða hærrí en fjórfalt matsverð fjallskila þeirra sem vanrækt voru. Ekki er skylt að kæra

fyrir gangnarof, ef forföll eða aðrar fullgildar málsbætur eru fyrir hendi. Sektir fyrir gangnarof renna í fjallskilasjóð.

24. grein.

Gangnamenn skulu að jafnaði ekki vera yngri en 16 ára. Gangnaforingjum er þó heimilt í samráði við fjallskilastjóra að taka gildan yngri gangnamann enda sé eðli og umfang gangna slíkt að það teljist forsvaranlegt.

Nú hefur fjáreigandi engan hæfan mann og getur ekki útvegað hann. Skal hann þá tilkynna það fjallskilastjóra minnst sex dögum áður en gangnaskilin eiga að framkvæmast. Fjallskilastjóri útvegar mann og annað sem með þarf, hest, fæði, o.s.frv. Fjáreigandi greiðir síðan sektalaust allan þann kostnað sem af fjallskilum leiðir, án tillits til mats á þeim.

11. Vegna garnaveiki í hreppnum, eru það tilmæli til fjáreigenda að forðast að hýsa ókunnugt fé í fjárhúsum sínum. Af þessum sökum er áréttað að allt fé úr afrétti verði rekið til réttar og dregið sundur þar.

12. Eingöngu verður greitt fyrir notkun bíla og dráttarvéla sem nauðsynleg er talin að mati fjallskilastjóra. Reikningar skulu vera staðfestir af fjallskilastjóra. Akstur er greiddur fyrir flutning á fé, til dæmis þegar fé er svo fátt á smölunarsvæðum að um smölun að fjárrekstri verði ekki að ræða. Ekki verður greitt fyrir akstur ökutækja þ.e. bíla, móturhjóla eða fjórhjóla, þar sem gangnamaður er að skila dagsverki. Er það metið svo að ökutækið sé hans fararskjóti sem hann leggur til dagsverksins. Á þetta við bæði um aðalgöngur og eftirleitir. Ekki verður greitt fyrir flutning á hrossum á smalavæði.

13. Hver fjáreigandi skal gera fjallskilastjóra grein fyrir unnum eftirleitardagsverkum fyrir 15. nóv.

14. Hleypt verður úr aðhaldi á Hlíðardal í fyrstu göngum kl: 7:00.

Hlíðarrétt hefst kl: 10:00

- Skútustaðir og Álftagerði sjá um smölun í Krákárbakkahólfi,
- Grænvetningar sjá um smölun á Suðurafrétti norðan Suðurár,
- Bárðdælingar annast smölun sunnan Suðurár.
- Garður 1 sér um að smala Heilagsdal.

Eindagi á skilum reikninga og skýrslum gangnaforingja er 15. nóvember n.k. Fjallskilastjóri minnir fjáreigendur á að það er þeirra að sjá um viðhald dilka sinna í réttum og dýraumbúnað.

Réttarstjóri mun kalla bændur saman til viðgerða á Hlíðarétt.